

Vaka og Menningarsjóður:

Jónas Jónasson og Torkild Hansen meðal höfunda

„Bókaútgáfan Vaka mun senda frá sér 8–10 bækur á haust- og jólamarkaðinn á þessu fyrsta starfsári sínu“, sagði Ólafur Ragnarsson forstjóri fyrirtækisins í samtali við Helgarpóstinn. En eins og kunnugt er, sendi forlagið frá sér sína fyrstu bók í vor sem leið, og gekk hún ágætlega að sögn Ólafs.

Af bókum Vöku skal fyrsta telja fyrstu skáldsögu hins góðkunnna útvarpsmanns Jónasar Jónassonar, og er það jafnframt fyrsta íslenska skáldsagan, sem fyrirtækið gefur út. Bókin heitir Einbjörn Hansson og gerist í Reykjaavík nútímans. Eða eins og Ólafur sagði, „það má orða það þannig, að hún sé um manninn í næsta húsi“. Jónas hefur áður sent frá sér tvær bækur, um Einar miðil og barnabókina Polli, ég og allir hinir, sem fékk verðlaun sem besta frumsamda barnabókin árið 1975. Þá hefur Jónas einnig skrifað leikrit sem flutt hafa verið opinberlega.

Blabamenn eru nokkuð áberandi meðal höfunda bóka Vöku, og kannski ekki furða, þar sem Ólafur Ragnarsson er sjálfur gamall blabamaður. Bara Lennon heitir bók, sem Illugi Jökulsson blabamaður á Timanum hefur tekið saman um æviferil, skóðanir og tónlist Lennons. Er þetta fyrsta bók Illuga. Í bókarkauka er upprifjun á bítlæðinu á Íslandi, sem nokkrir blabamenn hafa unnið, þeirra á meðal Guðjón okkar Arngrimsson á Helgarpósti. Bókin er prýdd fjölda mynda, innlendra sem

erlendra.

444 gátur. Glettnar þrautir fyrir unga sem aldna, heitir bók frá Politiken, sem Sigurveig Jónsdóttir blabamaður hefur þýtt og staðfært. Af blabamannabókum skal svo loks nefna Eftirlæti-rétturinn minn, sem Axel Ammendrup, blabamaður á Vísí hefur tekið saman. Þar gefa fimmtíu þjóðkunnir menn uppskriftina að eftirlæti þeirra og leiða lesendur í allan sannleika um gerð þeirra. Þar koma við sögu stjórnmálamenn, sjónvarps- og útvarpsmenn, landskunnir sækjarar, auk fjölda annarra.

Sakamáli aldarinnar heitir bók eftir danska rithöfundinn Georg V. Bengtson. Þar er sagt frá frægustu sakamálum heimsins á fyrri hluta þessarar aldar, og er frásögnin bæði læsileg og spennandi. Þýðandi bókarnar er Sigurður Helgason. Sigurður þýðir einnig aðra bók frá Vöku. Er það barnabók, sem heitir Hús handa okkur öllum, eftir danska rithöfundinn Tøger Birkeland. Þetta er létt og lifandi saga, sem lesin var upp í útvarpinu í sumar.

Ekki vildi Ólafur greina frá fleiri bókum að svo stöddu, en þess má geta, að bókin um reynslu gíslanna í Íran verður endurútgefin, og að þessu sinni innbundin.

Bókaútgáfa Menningarsjóðs mun gefa út um þrettán bækur á þessu ári og er það svipaður titill-fjöldi og í fyrra, að sögn Hrólfss Halldórssonar framkvæmdastjóra. Af bókum Menningarsjóðs skal nefna Jens Munk eftir Torkild Hansen, en sú bók gerist á tímum Jóns Indíafara. Þetta er fyrsta bókin, sem kemur út á

íslensku eftir Torkild Hansen og þýðandi er Magnús heitinn Kjartansson fyrrverandi ritstóri.

Tvær ljóðabækur koma út hjá forlaginu. Þær eru eftir Guðmund Inga Kristjánsson frá Kirkjubólí og Jón úr Vör.

Grískar fornþekktir eru líka á dagskrá. Ut kemur bók, sem hefur að geyma þrjú leikrit um hetjur eftir Askilos, í þýðingu Jóns Gíslasonar, fyrrverandi skólastjóra. Leikritin þrjú heita Próméþeifur fjöturaður, Persar, og Sjö gegn Þebu.

Í ár eru líkin eitt hundruð ár frá fæðingu Stefáns Zweig og af því tilefni verða endurútgefnar tvær af bókum hans, Manntafl í þýðingu Þórarins Guðnasonar og Leyndarmál í þýðingu Jóns Sigurðssonar frá Kaldabarnesi.

Steindór Steindórsson frá Hlöðum sendir frá sér æviágrip íslenskra náttúrufræðinga frá 16. öld til loka þeirrar 19. Dr. Jakob Jónsson sendir frá sér bók, sem heitir Um Nýja Testamentið.


Menningarsjóður hefur gefið út bækur í samvinnu við Rannsóknarstofnun Háskólans í bókmenntum og í ár kemur út bók um sagnaritum á 17. og 18. öld eftir Inga Sigurðsson. Þrettanda bókin í Alfræði Menningarsjóðs kemur einnig út. Hún er um dýrafraði og er eftir Órnólf Thorlacius.

Arstitin koma að veltu út. Í Andvara er höfuðgrein um Þórberg Þórðarson eftir Sigfús Dabason. Þá kemur út Almanak Háskólans, og einnig Almanak Þjóðvinafélagsins, en því fylgir Arbók Íslands.

Kortasaga Haraldar Sigurðssonar, fyrra bindi, er væntanlegt í endurútgáfu á þessu hausti.

Ymislegt annað er í uppsiglingu hjá Menningarsjóði, eins og annað bindi Íslenskra sjávarhátta eftir Lúðvík Kristjánsson, og íslenska orða-bókin er í endurskoðun, og mun hún stækka verulega í næstu útgáfu.

Skal þetta látið nægja af bókafréttum í bili.



Nýbylgjusveitin Fall mun pirra landann á næstunni.

Fall á uppleið

Breska nýbylgjuhljómsveitin The Fall er væntanleg til landsins á næstunni og mun halda hér þrenna tónleika.

Hljómsveitin kom fyrst fram í maí 1977 og vakti þegar mikla athygli, bæði fyrir sviðsframkomu og tónlistina sem þykir óheflud. Einar Ben orðaði það svo í samtali við Helgarpóstinn, að íslendingar gætu ekki fengið þrjár hljómsveitir.

The Fall hefur sent frá sér fjórar breiðskífur og hafa þær hlotið misjafnar viðtökur. Þrátt fyrir það er hún talin stefnumarkandi fyrir þessa tegund tónlistar.

Aðalmaður hljómsveitarinnar er söngvarinn Mark E. Smith og er sagt, að hann stjórni henni eins

og einræðisherra. T.d. fá aðrir limir ekki að vita hvað þeir eiga að spila á tónleikum fyrr en nokkrum mínútum áður en þeir hefjast. Hinir bíða bara rólegir en þrátt fyrir það eiga þeir allir jafn mikið í tónlistinni.

Eins og áður segir, heldur Fall þrenna tónleika hér. Þeir fyrstu verða miðvikudaginn 9. september á Hótel Borg. Þá leika með þeim Bodies sem er sprottin upp úr Utangarðsmönnum og Fræbbblarnir. Daginn eftir verða tónleikar á sama stað og þá leika með QAU og Þeyr. Síðustu tónleikarnir verða svo í Austurbæjarblóti laugardaginn 12. Þar leika líka Micky Dean og Purkkur Pillnikk.

Dario Fo í lönó:

Um fíknilyf

Dario Fo mun enn skemmta reykviskum leikhúsgestum á vetri komanda. Að þessu sinni er það Leikfélag Reykjavíkur sem ætlar að taka verk eftir hann til sýningar. Að veltu er það farsí og fjallar þessi um fíkniefni, „á sprenglöglegan hátt, að því er okkur finnst“, eins og Þorsteinn Gunnarsson leikhússtjóri sagði í samtali við Helgarpóstinn. En meira vildi Þorsteinn ekki segja um leikritið það, að svo stöddu.

Leikár Leikfélagsins hefst 12. september með því að frumsýnt verður nýtt íslenskt leikrit, Jói eftir Kjartan Ragnarsson, sem

jafnframt er leikstjóri. Fjallar það um fatlaðan pilt og fjölskyldu hans. Næsta frumsýning verður svo í lok október. Er það leikrit eftir bandaríska höfundinn Eugene O'Neil og hefur vinnuheitíð Ymja álm-viðir. Í millitíðinni verða svo tekin upp fjögur stykki frá fyrra ári, Romml, Ofvitinn, Barn í garðinum og Skornir skammtar, revían vinsæla. Þess má geta, að hún hefur nú verið aukin og endurbætt og verður sýnd í Austurbæjarblóti. Þá hefur Gísli Rúnar Jónsson tekið við hlutverki Kjartans Ragnarssonar, sem nú er í leyfi. —GB.



Í nýrri bók sinni lýsir Márta Tikkanen geðveiki sonar síns.

Ný bók eftir Mörtu Tikkanen:


Myrkrið, sem dýpkar gleðina

Finnska skáldkonan Márta Tikkanen, sem hér á landi er þekktust fyrir bók sína Astarsaga aldarinnar, þar sem hún lýsir lífi sínu með alkóhólísta, hefur sent frá sér nýja bók, sem í lauslegri þýðingu mætti gefa nafnið Myrkrið, sem dýpkar gleðina. Bókin fjallar um son hennar, sem varð mest fyrir barðinu á sambandi foreldranna, soninn, sem var sá eini, sem gat veitt henni þá ást, sem hún þráði. Þetta verður

slíkt álag fyrir soninn, að hann verður geðveikur.

Í bókinni sem er röð kvæða skilgreinir Tikkanen upplifun sína á sjúkdómi sonarins, hún segir frá baráttu sinni til að bjarga honum, þegar jafnvel lækur og hjúkr-unarfólk flýði af hólmi.

Bókin fjallar um myrkrið, og gleðin, sem er í titli bókarnar, kemur fram í síðasta kvæði bókarnar, þegar sonurinn er farinn að ná heilsu á ný.



Eitt af nýjustu verkum Asu „Fragile“ '81.

Myndvefnaður á Kjarvalsstöðum

Nú virðist sem haustvertíð myndlistarmanna sé að hefjast og nú um helgina opna hvorki meira né minna en þrjár sýn-

efni.

Þegar ég leit inn á Kjarvalsstaði nú í vikunni var Asa önnur kafin við að setja upp



Myndlist

eftir Olaf Lárusson

ingar á Kjarvalsstöðum. Hér er um að ræða Septem hópinn, Hallsteinn Sigurðsson, myndhöggvari og Asa Olafsdóttir myndvefari, en verk hennar ætla ég að gera hér að umtals-

sýningu sína, hægra megin í anddyri hússins. Asa hefur verið búsett í Svipjód um nokkurra ára skeið og stundaði þar nám framan af en hefur nú vinnustofu og vinnur sjálfstætt

ast fram í myndinni Stökkið '79.

Mér dettur einna helst í hug að það standi fyrir dulda löngun listakonunnar til að losa sig við fjötura hins jarðbundna og veraldlega sem oft vill verða kunstnerum til trafala. Það er mjög þess virði að hafa það í huga að Asa hefur verið í nokkurskonar útleög undanfarin ár og ber að hafa það í huga þegar myndvefnaður hennar er skoðaður. Oft er eins og maður sjái hlutina skýrar úr fjarlægð, og sannast það best hér. Sýningin opnar á laugardaginn 5. september kl. 14. og stendur til 20. september.